

## Tillaga til ályktunar

- Þjálfari eða forystumaður í leikbanni -

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**REGLUGERÐ KSÍ  
um aga- og úrskurðarmál****IV. kafli. VIÐURLÖG OG REFSINGAR**

12. gr.

*Viðurlög við agabrotum*

12.7. Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiksloka. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. **Viðkomandi má ekki með neinum hætti vera í tengslum við lið sitt á sama tímabili, t.a.m. ekki í gegnum símtæki, tölvu eða með öðrum slíkum hætti. Jafnframt er viðkomandi óheimilt að taka þátt í fjölmiðlaviðburðum á leikvangi að leik loknum.** Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

**Greinargerð**

Uppfærsla á reglugerð í samræmi við agareglugerð FIFA. Á síðasta keppnistímabili þvældist mál þjálfara innan agakerfis KSÍ í margar vikur þar sem ákvæði þetta þótti ekki nægjanlega skýrt. Hér er tillaga um að uppfæra ákvæðið í samræmi við þá tækni sem mögulegt er að nota og í samræmi við skýrar agareglur FIFA.

Stjórn ÍTF